

## REGLUR

### um öryggisráðstafanir á fiskiskipum með skutrennu.

#### 1. gr.

Á fiskiskipum, sem reglur þessar fjalla um, skal vera eftirgreindur búnaður, og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna eftir því sem aðstæður gefa tilefni til:

- a. Að minnsta 5 viðurkennd öryggisbelti úr sterku efni, búin keng til að krækja í líflínu og sylgju, þannig gerðri að fljótlega megi girðast beltinu og sleppa því af sér.
- b. Að minnsta kosti 5 líflínur af viðurkenndri gerð, þannig úr garði gerðar að slaki dragist sjálfkrafa af þeim.
- c. Öryggishjálmar. Fjöldi hjálma á hverju skipi skal miðast við fjölda þeirra, sem á þilfari vinna.

#### 2. gr.

Tveir bjarghringir skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennu, búnir ljósi. Bjarghringirnir skulu koma til viðbótar þeim, sem hingað til hafa verið fyrirskipaðir.

#### 3. gr.

Fiskiskip, sem falla undir ákvæði þessara reglna og samið hefur verið um smíði á eftir gildistöku þeirra, skulu búin vökva- eða rafknúnum skutrennuloka. Má þetta vera stálþil, sem fellur í stokk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngildur að mati siglingamálastjóra, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hans hverju sinni.

Ofangreint gildir einnig um gömul skip, sem kynnu að verða keypt til landsins eftir gildistöku reglnanna.

#### 4. gr.

Óheimilt er að einn og sami maður hafi samtímis með höndum stjórn skips og spila.

#### 5. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir til að draga úr hálfu á togþilfari, t. d. með rafsuðupunktum, stállistum eða á annan þann hátt, sem best hentar hverju sinni.

#### 6. gr.

Jafnframt skulu vera fyrir hendi á hverju fiskiskipi, sem reglur þessar ná til, 5 létt björgunarvesti af viðurkenndri gerð, sem sjómenn við vinnu á afturdekki geta haft innan hlífðarfata er þeir telja það nauðsynlegt.

#### 7. gr.

Um borð í fiskiskipum, sem reglur þessar fjalla um, skal vera búnaður til slökkvistarfa, sams konar og um getur í 10. gr. reglna nr. 260 2. okt. 1969 um eldvarnir í fiskiskipum.

#### 8. gr.

Færibönd og aðrar vélar á vinnuþilfari og í lestum skipa þeirra, sem hér um ræðir skulu búnar hlífum að því marki, að þeir sem við þær vinna með tilhlýðilegri aðgæslu, eigi ekki á hættu líf- eða heilsutjón.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit meðskipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. okt. 1975 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. júní 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

Nr. 271.

## REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning 1974.

### Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1974 .....		kr. 198 329.07
2. a) Áheiti Ólafar Sigurjónsd. ....	kr. 1 000.00	
b) Happraettislán ríkissjóðs 1973-C (gjöf A. G.) —	1 000.00	
		— 2 000.00
3. Vextir á árinu		
a) í Landsbankanum .....	— 11 476.30	
b) í Útvegsbankanum .....	— 38.63	
c) af spariskirteinum skv. kaupnótu .....	— 1 770.00	
		— 13 284.93
		<hr/> Samtals kr. 213 614.00

### Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1975		
í Landsb. viðskiptab. nr. 5470 .....	kr. 62 215.00	
í Útvegsb. bankab. nr. 10081 .....	— 399.00	
		— 62 614.00
Verðtryggð spariskirteini ríkissjóðs 1974, 1. fl.		
2 á 50 þús. nr. CO 1563—64 .....	— 100 000.00	
5 á 10 þús. nr. BO 1382—1386 .....	— 50 000.00	
		— 150 000.00
Happraettislán ríkissjóðs 1973-C nr. 086306 .....	— 1 000.00	
		<hr/> Samtals kr. 213 614.00

Reykjavík, 20. janúar 1975.

Anna Gísladóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir ársreikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og ekkert fundið athugasemdir.

Reykjavík, 27. janúar 1975.

Guðrún Markúsdóttir.

Vigdís Jónsdóttir.